

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 135/2009**

**frá 4. desember 2009**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2009 frá 17. mars 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/85/EB frá 5. september 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu þíabendasóli við í I. viðauka við hana <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/86/EB frá 5. september 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu tebukónasóli við í I. viðauka við hana <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/763/EB frá 29. september 2008 um sameiginlega aðferð til að reikna út árlega sölu færanlegra rafhlaðna og rafgeyma til notenda, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):  
„– **32008 L 0085**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/85/EB frá 5. september 2008 (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2008, bls. 6),  
– **32008 L 0086**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/86/EB frá 5. september 2008 (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2008, bls. 9).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/423/EB):  
„12zh. **32008 D 0763**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/763/EB frá 29. september 2008 um sameiginlega aðferð til að reikna út árlega sölu færanlegra

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 239, 6.9.2008, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 239, 6.9.2008, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 262, 1.10.2008, bls. 39.

rafhlaðna og rafgeyma til notenda, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðs-  
ins 2006/66/EB (Stjtíð. ESB L 262, 1.10.2008, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/85/EB og 2008/86/EB og ákvörðunar 2008/763/EB,  
sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt  
1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við  
þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**O.H. Sletnes**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.